

**Héraðsdómstólar**  
**06 210**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun formanns stjórnar og framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Héraðsdómstólar

Umsjón Dómstólasýslan

Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

## Skýrsla og áritun formanns stjórnar og framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar

Héraðsdómstólarnir eru átta samtals og starfa hver á sínu landsvæði. Meginhlutverk héraðsdómstólanna er að tryggja að allir njóti réttlátrar og sanngjarnar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum dómstóli.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 02 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.772,1 milljónir og afkoma kr. -27,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 230,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Héraðsdómstóla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar staðfesta hér með ársreikning Héraðsdómstóla fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Benedikt Bogason,  
formaður stjórnar dómstólasýslunnar

Ólöf Finnsdóttir,  
framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.758.700.000	1.681.900.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	0	760.400
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	13.434.588	5.981.036
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.772.134.588</u>	<u>1.688.641.436</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.534.880.758	1.435.903.836
Annar rekstrarkostnaður .....	5	250.808.244	208.114.363
Afskriftir .....	6	13.434.588	5.981.036
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.799.123.590</u>	<u>1.649.999.235</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(26.989.002)	38.642.201
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(99.316)</u>	<u>(130.003)</u>
		(99.316)	(130.003)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(27.088.318)</u></u>	<u><u>38.512.198</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		72.004.211	26.170.722
Aðrar eignir .....		411.865	557.776
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>72.416.076</u>	<u>26.728.498</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	143.097.724	192.063.376
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		2.200	0
Handbært fé .....	9	14.575.903	12.817.530
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>157.675.827</u>	<u>204.880.906</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>230.091.903</u>	<u>231.609.404</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(87.279)	27.001.039
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(87.279)</u>	<u>27.001.039</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	2.471.121	1.228.009
Viðskiptaskuldir .....		31.143.384	17.369.995
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	134.675.892	117.286.988
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	61.888.785	68.723.373
<b>Skuldir samtals</b>		<u>230.179.182</u>	<u>204.608.365</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>230.091.903</u>	<u>231.609.404</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(27.088.318)	38.512.198
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	13.434.588	5.981.036
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(13.434.588)	(5.981.036)
		<u>(27.088.318)</u>	<u>38.512.198</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.200)	0
Tengdir aðilar .....		50.208.764	(67.407.937)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		31.162.293	(11.632.586)
		<u>81.368.857</u>	<u>(79.040.523)</u>
		<u>54.280.539</u>	<u>(40.528.325)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(59.122.166)	(9.479.525)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	74.400
		<u>(59.122.166)</u>	<u>(9.405.125)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		6.600.000	51.400.000
		<u>6.600.000</u>	<u>51.400.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		1.758.373	1.466.550
		<u>12.817.530</u>	<u>11.350.980</u>
		<u>14.575.903</u>	<u>12.817.530</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.758.700.000	1.733.300.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(51.400.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.758.700.000	1.681.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	13.434.588	5.981.036
	<u>1.772.134.588</u>	<u>1.687.881.036</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.758.700.000	0	0	1.758.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.758.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.758.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(1.785.788.318)	0	0	(1.785.788.318)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(27.088.318)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(27.088.318)</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Ýmsar tekjur .....	0	760.400
	<u>0</u>	<u>760.400</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.230.436.362	1.169.947.625
Orlof, breyting .....	15.442.470	(10.658.896)
Launatengd gjöld .....	282.482.081	272.944.243
Starfsmannakostnaður .....	6.519.845	3.670.864
	<u>1.534.880.758</u>	<u>1.435.903.836</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	88,9	88,5

## Skýringar

	2019	2018
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.459.223	4.862.080
Byggingarvörur, almennar ....	307.090	0
Tæki og búnaður til innréttinga ....	0	21.105
Ýmis tæki og áhöld ....	1.750.903	1.423.466
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	34.695	27.709
Orkugjafar ....	6.172.219	6.275.579
Matvæli ....	12.961.142	11.781.153
Almennar rekstrarvörur ....	1.697.917	1.722.710
Vörukaup, almenn	26.383.189	26.113.802
Kennslu- og föndurvörur ....	338.163	8.868
Ýmsar sérgreindar vörur ....	0	39.096
Vörukaup, sérgreind	338.163	47.964
Fundir, námskeið, risna ....	889.014	931.513
Ferðir, uppihald ....	3.241.028	2.977.912
Akstur ....	2.985.795	1.923.800
Sérfræðiþjónusta ....	10.875.119	17.259.457
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	230.498	794.376
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	642.972	608.938
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	6.873.733	7.501.246
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	25.738.159	31.997.242
Samningsbundin kaup og leiga ....	0	506.385
Afnotagjöld ....	5.422.102	6.973.878
Leigugjöld ....	169.710.848	110.850.655
Notkun véla og flutningatækja ....	276.499	306.677
Verkkaup ....	18.706.469	27.610.007
Kostnaðarhlutdeild ....	3.939.646	3.316.500
Opinber gjöld ....	135.669	87.826
Tilfærslur ....	157.500	303.427
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	198.348.733	149.955.355
Annar rekstrarkostnaður samtals	250.808.244	208.114.363
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	13.288.677	5.835.125
Aðrar eignir ....	145.911	145.911
	13.434.588	5.981.036

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	72.004.211	26.170.722
Aðrar eignir .....	411.865	557.776
	<u>72.416.076</u>	<u>26.728.498</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	52.856.437	1.459.129	54.315.566
Viðbætur á árinu .....	59.122.166	0	59.122.166
	<u>111.978.603</u>	<u>1.459.129</u>	<u>113.437.732</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	26.685.715	901.353	27.587.068
Afskrift ársins .....	13.288.677	145.911	13.434.588
	<u>39.974.392</u>	<u>1.047.264</u>	<u>41.021.656</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>72.004.211</u>	<u>411.865</u>	<u>72.416.076</u>

	31.12.2019	31.12.2018
<b>8 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	143.097.724	89.945.952
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	102.117.424
	<u>143.097.724</u>	<u>192.063.376</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.471.121	1.228.009
	<u>2.471.121</u>	<u>1.228.009</u>

### 9 Handbært fé

Sjóðir .....	67.415	75.159
Tékkareikningar .....	10.524.681	10.493.237
Sparisjóðsreikningar .....	3.983.807	2.249.134
	<u>14.575.903</u>	<u>12.817.530</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 65,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	27.001.039	(11.511.159)
Afkoma ársins .....	(27.088.318)	38.512.198
Jöfnuður 31.12. ....	(87.279)	27.001.039

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	132.729.458	117.286.988
Ógreidd laun .....	1.946.434	0
	<u>134.675.892</u>	<u>117.286.988</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	72.416.076	26.728.498
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(10.527.291)	41.994.875
	<u>61.888.785</u>	<u>68.723.373</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	26.728.498	41.994.875	68.723.373
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.600.000	6.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	59.122.166	(59.122.166)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(13.434.588)	0	(13.434.588)
	<u>72.416.076</u>	<u>(10.527.291)</u>	<u>61.888.785</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 14,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

*Héraðsdómur Norðurlands vestra* hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning vegna húsaleigu, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 3,8 milljónum.

*Héraðsdómur Norðurlands eystra* hefur gert skuldbindandi húsaleigusamning og rekstrarsamninga, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 11 milljónum og vegna rekstrarsamninga 2,7 milljónum.

*Héraðsdómur Reykjaness* hefur gert húsaleigusamning til ársins 2026 og aðra ótímabundna rekstrarsamninga, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 37,4 milljónum og vegna rekstrarsamninga kr. 5,4 milljónum.

*Héraðsdómur Vestfjarða* hefur gert húsaleigusamning til ársins 2024, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 8,3 milljónum.

*Héraðsdómur Vesturlands* hefur gert ótímabundinn húsaleigusamning, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 5 milljónum.

*Héraðsdómur Reykjavíkur* hefur gert ótímabundinn húsaleigusamning við Ríkiseignir, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 76,9 milljónum. Einnig hefur Héraðsdómur Reykjavíkur gert nokkra rekstar- og þjónustusamninga árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 9,7 milljón.

*Héraðsdómur Suðurlands* hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsaleigu og vegna ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 9,2 milljónum og vegna annarra samninga kr. 0,8 milljónum.

*Héraðsdómur Austurlands* hefur gert skuldbindandi samning um húsaleigu, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 3,8 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 3,2 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.